

- **Afmæli.** Það er ágætis regla að bjóða annað hvort bara stelpum eða bara strákurum eða hafa allan hópinn saman. Að halda upp á afmæli er engin skylda. Gott er að halda nokkur afmæli saman t.d. allir sem eiga afmæli sama mánuðinn. Eins hefur orðið sú þróun að afmælisgjöfin sé 500 kr. Þá geta börnin safnað saman peningunum og sett í banka eða keypt sér stærri hlut sem þau langar í eða safnað sér fyrir einhverju.



Við hlökkum til góðs samstarfs í vetur

Þættir sem huga þarf að við skólagöngu barna ykkar



6 ára

veturinn 2024 – 2025

Foreldrakynning (námsefniskynning) verður
þriðjudaginn 3. september,

kl. 8:30 – 9:00, í sal skólans.

Börnin verða inni í kennslustofu með
öðrum kennurum á meðan við erum í salnum.

- **Stundvísi** er mjög mikilvæg. Það er erfitt fyrir barnið að koma of seint inn í skólastofuna auk þess sem það truflar kennsluna hjá börnum sem eru mætt. Skóladagurinn er frá kl. 8:30 til kl. 14:00.

Munum að þau sem ekki eru í frístund að morgninum (lengdri viðveru) bíða úti á skólalóð til kl. 8:30.

- **Aukaföt.** Allir koma með aukaföt í upphafi skólaárs. Mikilvægt er að kíkja reglulega í aukafatapokann og bæta við því sem vantar.

- **Vatnsbrúsi.** Barnið á að hafa með sér vatn í brúsa. Það er hressandi að fá sér vatnssopa eftir frímínútur, eftir leikfimi, með nesti og hádegismat. Það er mjög mikilvægt að fylla brúsann heima, því það tekur mikinn tíma frá almennu skólastarfi að sinna þessu í skólanum. Vinsamlegast sendið ekki glerflöskur og ekki tappa sem opnast alveg.



- **Leikfimissockar.** Barnið þarf að eiga stopp sokka eða tátíljur til að nota í leikfimi. Tátíljurnar eða sokkarnir eru geymdir í skólanum og skilað heim að vori. Mikilvægt er að merkja sokkana. Sokkarnir fást meðal annars í Skopp.

- **Nesti.** Börnin koma með ávexti, grænmeti, ávaxtastöng eða grænmetis/ávaxtaskvísu í morgunhressingu. Nónhressing er kl.

13:40 sem er þá t.d. ávextir, brauðmeti, skyrskvísur o.fl.

- **Sparinesti.** Þegar við sendum skilaboð um að það megi koma með sparinesti er átt við að þau mega koma með t.d. kleinur, snúð, kex og röradrykk. Röradrykkur er þá kókómjólk eða ávaxtasafar (ekki er í boði að koma með sælgæti né gos).

- **Fjarvistir** og veikindi skal tilkynna til skólans í gegnum mentor.is eða eins fljótt og auðið er eða hringja á skrifstofu skólans. Alltaf þarf að sækja um leyfi fyrir nemanda. Ef leyfið er lengra en 3 dagar þarf að fá leyfið hjá skólastjóra. Skráning um mætingar í skólann verða sendar vikulega til ykkar.

- **Veikindi.** Börn mæta ekki aftur í skólann fyrr en þau eru tilbúin til útiveru og allrar þátttöku í skólastarfinu.

- **Sunnuhlíð.** Lengd viðvera er frá kl. 7:30 til 8:30 og frá kl. 14:00 til 17:00 mánudaga til fimmtudaga og til kl. 16:15 á föstudögum. Nánari upplýsingar fást á skrifstofu skólans.

- **Söngur** er stór og mikilvægur þáttur í skólastarfinu. Börnin syngja með kennurum í skólastofunni en einnig á sal með öðrum nemendum skólans í söngstundum. Foreldrar eru velkomnir í söngstund á föstudagsmorgnum kl. 08:30.

